

**Dagsetning:** Miðvikudagur 11. Nóvember 2015  
**Fundartími:** Kl. 17:00  
**Staðsetning:** Fundarherbergi fjölskylduþjónustu.

**Mættir:** Ágústa Þorvaldsdóttir, Bergur Þorri Benjamínsson, Jóna Imsland, Margrét Össurardóttir og Ásrún Jónsdóttir.

**Fjarverandi:** Kristjana Jóhannesdóttir

### Dagskrá:

#### 1. Ferðaþjónusta fatlaðra.

Umræða um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.

Rætt hefur verið um leiðir til að þjónustan verði ásættanleg. Á síðasta fundi fjölskylduráðs kom fram að lengja þöntunartímann í 3 klst. úr 2 klst. Ráðgjafarráð telur það ekki vera lausn á vandanum og afturför á þjónustunni. Bergur mætti á síðasta fund fjölskylduráðs. Þar var umræða meðal annars um ferðaþjónustu. Bergur staðfesti bókun fundar ráðgjafarráðs frá 14. október þar sem ekki er mælt með að Hafnarfjarðarbær segi sig frá samkomulaginu um akstursþjónustu. Brýnt er að leysa málin og ná saman um lausnir í samráði við notendur og nauðsynlegt er að kjörnir fulltrúar komi að þeirri vinnu.

#### 2. Önnur mál.

- Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 5 milljónum í að setja upp lyftu í Ásvallalaug og er ánægja með það í ráðinu.
- Nauðsynlegt er að klára úttekt á aðgengi í bænum í samræmi við samþykkt á fundi Umhverfis- og framkvæmdaráðs þann 6. maí 2015: „Umhverfis- og framkvæmdaráð heimilar sviðinu að leita samninga við Aðgengi varðandi úttekt á húsnæði bæjarins“.
- Hugmynd er að nota styrk til ráðgjafarráðs frá Velferðarráðuneyti í vettvangsferð til að fylgja eftir samþykktum ráðsins á aðgengismálum og fleira.
- Umræða um hækkun húsaleigu í þjónustuíbúðarkjörnum eða í sértæku húsnæði (sambýli) fyrir fatlað fólk sem nú er í skoðun hjá Hafnarfjarðarbæ. Fara þarf varlega í slíkar breytingar svo þær raski ekki fjárhag viðkomandi umtalsvert.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 9. desember 2015

Fundi slitið kl. 18:00.

Fundarritun: Ásrún Jónsdóttir